



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Garðaborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Lýðræði – barnasáttmáli - efniviður	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Ytra mat	5
3 Innra mat Austurdeildar (börn 18 mán.-3ja ára).....	7
4 Innra mat Vesturdeildar (3ja ára-6 ára).....	8
5 Sameiginlegt mat Austur-og Vesturdeildar	9
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	10
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
8 Foreldrasamvinna.....	11
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
10 Fylgigögn.....	13
10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	13
10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	15
10.3 Fylgiskjal 3 – Matsblað fyrir deildarfundi	17
10.4 Fylgiskjal 4 – Matsblað fyrir útiveru.	18
10.5 Fylgiskjal 5 – Umsögn foreldraráðs	19



Leiðarljós leikskólans: Lýðræði – barnasáttmáli - efniviður

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið 2018-2019 hefur gengið vel og þau verkefni sem sett voru á laggirnar haldið sér. Farið var formlega af stað með samstarfsverkefni leikskólans og Furugerði 1 sem eru þjónustuíbúðir aldraðra. Verkefnið tók miklum breytingum frá upphaflegri hugmynd og úr varð að 4 ára börn skólans heimsóttu sjálfboðaliða frá Furugerði sem höfðu skuldbundið sig til þessa verkefnis og unnu þau saman og léku annan hvern þriðjudag frá byrjun september til byrjun maí. Verkefnið fékk heitið Kynslóðir leika og hefur tekist mjög vel og hefur ákvörðun verið tekin að halda áfram á komandi starfsári.

Aðrir fastir liðir leikskólastarfsins hafa gengið að óskum og haldið hefur verið í þær hefðir og þá menningu sem Garðaborg hefur staðið fyrir undanfarin ár. Lýðræði barna er orðið rauður þráður í starfinu og hafa börnin sína rödd í daglegu starfi skólans. Dagskipulag skólans markast mest á útiveru, matartímum og hvíld yngri barna og aðrar stundir eru meira fljótandi þ.e. frjálsum leik er gefinn góður tími á móts við skipulagðar stundir með hópstjórum.

Starfsmannahald hefur verið gott og lítil hreyfing á starfsmannahópnum þetta árið. Einn starfsmaður lét að störfum að hausti og var ráðið í þá stöðu. Veikindatíðni hefur einnig lækkað og eru færri veikindadagar starfsfólks í skammtímaveikindum þetta starfsárið en í fyrra.

Undanfarið misseri höfum við verið að þróa betri starfshætti og skipulag innan skólans.

Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri sem er einnig hópstjóri á eldri deild hafa viðveru á deildum til 14:00 dag hvern og er undirbúningur frá 14:00-16:00. Auk þess eru stjórnendafundir á þessum tíma. Þetta er annað árið sem undirbúningur er tekinn með þessum hætti og kemur mjög vel út. Einnig hafa verið gerðar breytingar á foreldraviðtölum sem áður voru tvö að lágmarki yfir veturinn, eitt að hausti og annað að vori. Nú er boðað til viðtals í afmælistánuði barnsins og er það að koma vel út því þá er flæði viðtala jafnara yfir árið hjá leikskólakennurum og deildarstjórum. Boðið er upp á viðtöl utan þessa fyrirkomulags ef þörf er á.


Starfsfólk hefur tekið þátt í mótun Menntastefnu Reykjavíkurborgar og hefur skólinn verið að máta sig við hana. Starfsfólk er einróma um að félagsfærni og sjálfsefning séu þættir sem skólinn mun horfa á komandi skólaár með sérstaka áherslu á félagsfærni. Sótt hefur verið um styrk úr Þróunar-og



nýsköpunarsjóði Skóla-og frístundaráðs til að vinna að innleiðingu menntastefnu í Reykjavík og verður styrkurinn nýttur til að innleiða forvarnarverkefnið Vinátta sem gefið er út af Barnaheill.

Eins og fram hefur komið hefur starfið einkennst að lýðræði barna og að þeirra raddir hljómi. Eftir námskeið á vorönn þar sem Ellen Jacqueline Calmon fjallaði um Barnasáttmálann vaknaði áhugi á að dýpka starf okkar með Barnasáttmálann og fóru deildarstjórar ásamt aðstoðarleikskólastjóra á námskeið síðar á önninni á vegum UNICEF og Skóla-og frístundasviði Reykjavíkurborgar um Barnasáttmálann í leikskólum þar sem leiðbeint var um nýtt námsefni fyrir leikskólastarfsfólk. Í framhaldi af því hefur leikskólinn óskað eftir að gerast réttindaleikskóli UNICEF og Barnasáttmálans þar sem unnið er með ákveðið námsefni sem gefið er út af UNICEF og mun það skýrast þegar hausta kemur hvernig þeirri vinnu verður háttað í leikskólanum

Matsþættir sem sem unnið verður með 2019-2020

Matsþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat	Viðmið
Innleiðing: Vinátta, verkefni Barnaheilla. Bangsinn Blær. 	Styrkja félagsþroska barna	Námskeið fyrir starfsfólk, kynning fyrir foreldra, skipulagðar stundir með bangsann Blæ.	Námskeið fyrir starfsfólk í sept/okt, kynning fyrir foreldra í sept. Í framhaldi hefst innleiðing í samverustun dir og svo tónlistarnám skeið í jan. 2020.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Skráningar starfsfólks, umræður, mat barna sem gert verður með „brosköllum“	Að kenna börnum umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki sem eru grunngildi verkefnisins. Að bangsinn Blær verði fastur liður í samverustun dum barna.
Stjórnun: Starfsþróunarvi ðtöl	Gefur tækifæri til að ræða við um líðan í starfi og endurmenntun. Leikskólastjóri fer yfir vinnuframlag starfsmanns, væntingar og tækifæri.	Starfsþróunarsamtal í janúar þegar skólaárið er hálfnað.	Janúar 2020	Leikskólastjóri	Febrúar 2020. Niðurstöður starfsmanna könnunar.	Auka samskipti leikskólastjóra og starfsfólks. Bæta líðan og vinnu starfsmanna.



2 Ytra mat

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var gerð í janúar og febrúar 2019 og var hún rafræn. Líkt og sést á töflunni á bls. 5 eru niðurstöður að koma með hærra gildi en í starfsmannakönnun 2017-2018 í flestum matsþáttum.

Helstu styrkleikar eru:

- Frumkvæði. Í skólanum er lögð áhersla á að nýta mannauðinn og þær hugmyndir sem starfsfólk kemur með í skólastarfið.
- Starfsandinn hækkar í meðalskor milli ára sem er gleðilegt.
- Móttaka nýliða hefur breyst en á móti kemur að um einn starfsmann er að ræða sem byrjað hefur á skólaárinu.


Til úrbóta:

- Þættir sem snúa að stjórnun hafa hækkað en má taka fram að í spurningunni um hvort rætt hafi verið við starfsmann um frammistöðu var hlutfallið mjög lágt en á móti kemur að yfirmenn hrósa, starfið metið af verðleikum kemur mun hærra út. Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulagi starfspróunarviðtala og hafa þau fyrr þ.e. ekki í apríl/máí heldur hafa eitt viðtal í janúar. Sjá nánar í matsþættir sem unnið verður með 2019-2020 á bls. 4.



Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



3 Innra mat Austurdeildar (börn 18 mán.-3ja ára)

Lagt var upp með ákveðið hópaskipulag að hausti. Fram að áramótum gekk mjög vel að vinna eftir því fyrirkomulagi. Eftir áramót gekk ekki nógu vel að halda þessu formi. Því hefur verið ákveðið að taka þennan þátt til umbóta. Einnig finnst okkur vanta meira af sýnilegu ritmáli inni á deildinni og viljum auka áhersluna á læsi.

Umbótaþættir Austurdeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?						
Stefnumótun: Hópaskipting á morgnanna	Hópavinna 4x í viku kl. 9:00	Kl. 9:00 taka allir kennarar hópinn sinn á sitt svæði.	1.okt-2.maí 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allir kennarar á deildinni framkvæma.	Símat sem endar með einu lokamati að vori.	Mælikvarðinn verður að ná 5x hópavinnu á 2.vikna tímabili.
Læsi: Hafa sýnilegt ritmál	Hafa ritmál sýnilegt víða á deildinni.	Prenta út orð og stafi og líma á vegg og gólf.	1.sept-1.des 2019	Allir á deildinni eru ábyrgðaraðilar	Rýnihópur kennara á deildinni sem nota myndir til að skrá árangur.	Sýnilegt ritmál á öllum svæðum deildarinnar.



4 Innra mat Vesturdeildar (3ja ára-6 ára)

Starfsmenn hafa kvartað undan því að sjá ekki tölvupósta sem sendir eru á foreldra. Því var ákveðið að taka þetta fyrir í umbótaáætlun og bætt með því að prenta út pósta og setja á vinnusvæði kennara þar sem aðgengi að þeim er gott. Börn og starfsfólk hafa kvartað undan miklum hávaða seinni part dags og því var ákveðið að bæta úr því.

Umbótaþættir Vesturdeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði Að auka sýnileika á tölvupóstum sem sendir eru til foreldra.	Að allir viti að sendur hafi verið tölvupóstur um leið og hann fer í loftið.	Eintak af sendum pósti verður prentað út og sett í dagbók deildarinnar.	21.maí – 1.des 2019	Deildarstjóri og aðrir sem senda tölvupóst á foreldra.	Rýnihópur þar sem rætt verður á hverjum deildarfundi hvernig til tókst.	Að allir starfsmenn lesi póstana og geti rætt innihald þeirra við foreldra.
Skólabragur: Hávaði inni á deild eftir 15:30	Ná meiri ró eftir kl.15:30	Að dreifa barnahópnum á milli rýma.	21.maí-maí 2020.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Rýnihópur þar sem þetta verður rætt á hverjum deildarfundi.	Að börnin og starfsfólk á deildinni kvarti minna um hávaða.



5 Sameiginlegt mat Austur-og Vesturdeildar

Starfsárið 2018-2019 settum við í umbótaáætlun tvo þætti. Það fyrsta var deildarfundir. Þar sem markmiðið var að haldnir skyldu deildarfundir fyrir báðar deildir í hverri viku. Ekki náðist að ná fram þessu markmiði og voru það ýmsir þættir sem höfðu áhrif þar á. T.d. veikindi starfsfólks og ófyrirsjáanlegar breytingar á því dagskipulagi sem upp var sett. Einnig teljum við nauðsynlegt að halda áfram umbótum varðandi dreifingu starfsfólks á svæði í útiverunni. Þar sem ekki hefur náðst það markmið að starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að dreifa sér vel í garðinum. Sumarið fór vel af stað en svo var fólk fljótt að fara í sama farið.

Ákveðið hefur verið að halda áfram með þessa úrbótapætti með ögn breyttum áherslum.

Umbótapættir Vestur- og Austurdeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skipulag: Deildarfundir	Stefnt er að því að hafa deildarfundir aðra hvora viku fyrir hvora deild.	Hafa stutta 30 mínútna fundi á miðvikudögu m.	September – desember 2019.	Deildarstjórar	Áfram verður notað eyðublað þar sem fyllt verður út hvort fundir hafi verið haldnir. Endurmat í des 2019 Sjá fylgiskjal 4	Gögn verða tekin saman og unnið úr þeim, þar mun koma í ljós hvort markmiðunum hafi verið náð.
Skipulag: Dreifing starfsfólks á útisvæði	Stefnt er að því að dreifa starfsfólkinu betur um leiksvæðið í útiveru.	Notast verður við fyrri skipulag þar sem fólk er dreift um útisvæðið.	21.maí -1.okt 2019	Ábyrgðin liggur hjá öllu starfsfólki.	Endurmat að hausti þar sem starfsfólk fyllir út matsblað sem verður svo farið yfir á starfsdegi í haust. Sjá fylgiskjal 5	Viðmiðið er að 90% starfsmanna hafi upplifað sig hafa farið vel eftir skipulaginu sem upp var sett. Þessum upplýsingum má ná fram með því að skoða matsblöðin. Einnig sjónrænt eftirlit yfirmanna.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Formleg starfsþróunarsamtöl fara fram að vori þar sem farið er yfir líðan í starfi, símenntun, vinnuframlag o.s.frv. Lagt var upp með það markmið fyrir s.l. skólaár að bjóða upp á óformleg, hálf tíma viðtöl að hausti þar sem farið er yfir líðan í starfi, hugmyndir og styrkja tengsl leikskólastjóra og starfsmanna. Þetta markmið hefur ekki náðst þar sem haustið var annasamt og komst ekki fyrir í skipulaginu. Hins vegar hefur leikskólastjóri reynt að grípa þau tækifæri sem bjóðast uppá í daglegu starfi fyrir spjall.

Við höfum fengið fræðslu á starfsdögum, s.s. Skyndihjálparnámskeið, námskeið um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og erindi frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur um jafnrétti.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ekki er komin skrifleg áætlun um samstarf leikskólans og grunnskólans fyrir 2019-2020 en gera má ráð fyrir að áætlun verði með svipuðum hætti og 2018-2019. Samstarf leikskóla og frístundamiðstöðvar er símleiðis þar sem hópstjóri elstu barna og fulltrúi frístundar skipuleggja heimsóknir í frístundarmiðstöðina yfir veturinn.

Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla í Bústaðahverfi 2018 - 2019

Eftirfarandi samstarfsáætlun var samþykkt á samstarfsfundi með leikskólunum Garðaborg, Jörfa, Vinagerði og Breiðagerðisskóla 23. október 2018. Skipulag og fyrirkomulag hvers atburðar er í höndum gestgjafa og/eða í samráði milli leikskóla og Breiðagerðisskóla.

Hvenær og hvað			
Hvað	Hvenær	Hvað	Hvenær
Samráðsfundur	23. október 2018	Heimsókn í tónmennt	Febrúar 2019
Nemendur í 1. b. heimsækja gamla leikskólann sinn	5.- 9. nóvember 2018	Elstu nemendur í leikskólum skoða Breiðagerðissk.	Apríl 2019
Nem. í 7. bekk lesa fyrir leikskólanem.	16. nóvember 2018	Skilafundur með skóla og leikskólum	Lok maí 2019
Elstu nemendur á Garðaborg koma á skólasafn	3. - 7. desember 2018	Vorskólinn og foreldrakynning	Júní 2019
Elstu nemendur á Vinagerði koma á skólasafn	3. - 7. desember 2018	Sameiginleg læsisáætlun	Ótímasett
Elstu nemendur á Jörfa koma á skólasafn	3. - 7. desember 2018		
Nem. frá Vinag., Jörfa og Garðab. í heims. 1. bekk	Mars 2019		

Nemendur í 1. bekk heimsækja leikskólann sinn

Nemendur í 1. bekk í Breiðagerðisskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn. Leikskólinn hefur frumkvæði að því að hafa samband við umsjónarkennara til að ákveða tímasetningu og annað.

Nemendur í 7. bekk lesa fyrir leikskólanemendur

Nemendur í 7. bekk heimsækja leikskólana á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir þau. Umsjónarkennarar og bókasafnskennari aðstoða 7. bekkina við val á lesefni. Guðlaug aðstoðarskólastjóri hefur frumkvæði að því að hafa samband við leikskólana.

Elstu nemendur á leikskólum heimsækja skólasafnið

Elstu nemendur á leikskólunum koma í heimsókn á skólasafnið í fyrstu vikunni í desember. Guðbiörg á skólasafninu hefur frumkvæði að því að hafa samband.

Elstu nemendur á leikskólum koma í skólastund í Breiðagerðisskóla

Nemendum leikskólanna er skipt niður í smærri hópa og þau eru með í kennslustund, nestisstund og frímínútum. Umsjónarkennarar hafa frumkvæði að því að hafa samband til heimsóknarinnar.



8 Foreldrasamvinna

Við leggjum mikla áherslu á að eiga í góðri samvinnu við foreldrahópinn og reynum að koma til móts við hann eins og kostur er. Tveir stórir viðburðir eru á skólaárinu þar sem óskað er sérstaklega eftir þátttöku foreldra og eru það viðburðirnir „Kakó í garðinum“ sem er á aðventunni og fer fram kl.9:00 í skreyttum garði skólans þar sem boðið er upp á kakó og smákökur, börnin syngja og synir Grýlu koma í heimsókn. Svo er sumarhátíðin okkar sem er fyrir 17.júní og er það unnið í samvinnu við foreldrafélagið sem kostar leiksýningu eða sprell í garðinn. Grillaðar eru pylsur og átt notalegan seinnipart saman í garði skólans. Í febrúar fögnum við degi leikskólans með því að hafa „opna viku“ en þá bjóðum við foreldrum að koma og taka þátt í okkar daglega starfi og hefur alltaf verið góð þátttaka foreldra í þessari viku. Stjarna vikunnar er hlutverk sem hvert barn fær í eina viku yfir vetrartímenn og hvetjum við foreldra til að taka þátt, koma og lesa og jafnvel kynna starf sitt eða bjóða í vinnustaðaheimsókn.

Önnur skipulögð foreldrasamvinna eru þrjár fulltrúar foreldraráðs og er unnið að því að sameina foreldraráð og foreldrafélag þ.e. núna eru tveir fulltrúar foreldraráðs einnig í stjórn foreldrafélagsins. Samskipti fara að mestu fram rafrænt. Foreldrafélag er starfrækt og hafa verið í því fimm fulltrúar foreldra auk tengiliðar við leikskólann.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá á leikskóladagatali á næstu síðu. Sameiginlegir skipulagsdagar eru sérmerktir í dagatalinu en þeir eru 3 talsins með öðrum skólum í hverfinu.



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F Blár dagur	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M Opin vika	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F Skipulagsdagur	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Vasalýðsdagur	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur stærðfræðinnar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Grænn dagur	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumaríökun
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F Blakur dagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Kákó í garðinum	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ Sumarhátíð	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M Jólaljeði	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M Skipulagsdagur	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ Sameiginli skipulagsdagur	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur manniétinda barna	20 F	20 M Sameiginli skipulagsdagur	20 F	20 F Sameiginli skipulagsdagur	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ Barnamenningarhátíð	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F Skólaeining grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Barnamenningarhátíð	22 F	22 M	22 M
23 F Skipulagsdagur	23 M	23 M Banga og náttf dagur	23 L	23 M Borlaksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M Mislið sokkadagurinn	23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F vetrarleyfi grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Barnamenningarhátíð	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F vetrarleyfi grunnskóla	25 M	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barnamenningarhátíð	25 M	25 F	25 L
26 M Aðlögun byjar	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Óskudagur	26 F	26 S Barnamenningarhátíð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M Útskrif	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M vetrarleyfi grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamliásdagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Stutt greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérkennslustjóri var í leyfi frá 22. nóv. 2018 til 1. apríl 2019.

Gerði Hljóm-2 á öllum elstu börnunum í okt. 2018 og þurftu þrjú af þeim að endurtaka það. Endurtekningin fór fram í apríl og komu börnin út með meðal færni.

Tvö börn eru með stuðning í vetur og sinntu hópstjórar stuðningnum.

Eftir að leyfi hefur sérkennslustjóri tvítyngdu börnunum og tekið í málörvunarstundir. Bæði einstaklings og í hóp. Einnig stutt hópstjóra með ráðum í málörvun í hópnum.

Gerðar hafa verið einstaklingsnámskrár en þörf er á betri innleiðingu, eftirfylgni og framkvæmd.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel sem og teymisfundir sem haldnir eru.

Samstarf við þjónustumiðstöðina er gott. Samráðsfundir hafa verið einu sinni í mánuði í vetur. Gott hefur verið að leita til fagaðila þar, þegar á þarf að halda.

Samstarf við starfsfólk er gott og það leitar til mín ef upp koma áhyggjur af börnum eða ef foreldrar hafa leitað til starfsfólks vegna barna sinna.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	0	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?		Hópstjórar barnanna einnig þeir sem sinna þeim hverju sinni
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	nei	Í september
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	nei	Í september

Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Rætt á deildarfundum
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einstaklings- námskrá	Að vinna markvisst að þörfum þeirra barna sem njóta stuðnings	Gera einstaklingsnámskrár fyrir börn sem þurfa stuðning	September- maí 2020	Sérkennslustjóri	Maí	Endurmat á hvernig hefur tiltekist.
Samráðfundir með deildarstjóra	Hitta deildarstjóra og fara yfir börn sem grunur leikur á að þurfa íhlutun.	Einu sinni í mánuði	September – desember	Sérkennslustjóri	desember	Samræða deildarstjóra sérkennslustjóra og leikskólastjóra.



10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Samræðulestur fyrir hópa eða einstaklinga. Stundum unnið í litlum hópum, spilað og spjallað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Búið er að útbúa spjöld með yfirhugtökum s.s. fatnaður, matur, leikföng og slíkt sem auðveldar dagleg samskipti.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Leggjum orð á allt sem við gerum.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Tras er lagt fyrir öll börn og fylgst með framförum, einnig er nýtt Orðaskil til að kanna orðaforða.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Með Tras, Orðaskil, EFI og HLJÓM-2. Fylgst er með félagslegum tengslum tvítyngdra barna í barnahópnum. Starfsfólk er meðvitað um að börnin leiti sér aðstoðar og stuðnings hjá þeim.

Niðurstöður innra mats

Í leikskólanum eru níu tvítyngd börn og tala þau ensku, pólsku, þýsku, hollensku, víetnömsku og spænsku.

Börnin hafa verið í hóp eða ein.

Unnið er að því að auka orðaforða, málskilning og tjáningu. Einnig að það sé heild í frásögn. Notast hefur verið með þau gögn sem eru til staðar á leikskólanum. Einnig hefur sérkennslustjóri útbúið kennslugögn.



Samskipti við foreldra er góð og hefur deildarstjóri í flestum tilfellum haft frumkvæði að þeim.

Samskiptabækur hafa verið notaðar, þar sem kemur fram hvað barnið hefur tekið sér fyrir hendur þann daginn. Einnig eru settar inn myndir af barninu í athöfnum, sem gefur því kost á að segja foreldrum frá því hvað barnið var að gera.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka orðaforða hjá börnum með annað móðurmál en íslensku	Auka skilning foreldra á að dýpka orðaforða þar sem „heimamál“ getur takmarkað orðaforða og málskilning barna.	Bæklingar og fræðsla í foreldraviðtö lum um mikilvægi aukins orðaforða barna.	Sept 2019- maí 2020	Sérkennslustjóri , deildarstjórar	Maí 2020	Að foreldrar séu meðvitaðir um að „heimamál“ getur verið mun takmarkaðra en „leikskólamálið“.



Deildafundur

Vikan	Austurdeild	Vesturdeild	Af hverju ekki fundur
2.-8.sept			
11.-15.sept			
18.-22.sept			
25.-28.sept			
2.-6.okt			
9.-13.okt			
16.-20.okt			
23.-27.okt			
30.okt-3.nóv			
6.-10.nóv			
13.-17.nóv			
20.-24.nóv			
27.nóv-1.des			



10.4 Fylgiskjal 4 – Matsblað fyrir útiveru.

Matslisti fyrir útiveru

Merkið inn við eftirfarandi spurningar á kvarðanum 0-5

0 er minnst og 5 er mest.

Fannst þér skipulagið nógu skýrt	
Hvernig gekk þér að vera á þínu svæði	
Hvernig fannst þér skipti á milli svæða rúlla 0=of sjaldan 5=of oft	
Fannst þér allt starfsfólk fara eftir skipulaginu	
Fannstu fyrir meira öryggi hjá þér í útiverunni	



Starfsáætlun 2019 – 2020

Garðaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ragnheiður Sigvaldadóttir

Ragnhildur Lára Finnsdóttir

Elín Birna Skarphéðinsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Garðaborgar 2019-2020 og telur hana vel til þess fallna að áfram verði haldið uppi faglegu starfi í leiksólanum.

Ánægjulegt er að verkefnið Kynslóðir leika sé búið að festa í sessi og fá formlegri umgjörð frá þeim tíma þegar það var enn í mótun og á tilraunastigi. Kjarninn í verkefninu er, að mati Foreldraráðs, falleg hugmynd um tengingu kynslóða og ómetanlegt tækifæri fyrir börnin að leita í viskubrunna eldri borgara í Furugerði og fyrir eldri borgarana að viðhalda tengslum og miðla til hinna yngri. Með sífelldum hraðara samfélagi skapast hættan á að börnin okkar kynnist ekki eldri borgurum og því sem þeir hafa fram að færa. Verkefnið er vel til þess fallið að bæði börnin og eldri borgarar fái nýja sýn á aðra kynslóð eins og kom skýrt fram í innslagi kvöldfréttu RÚV af verkefninu nú á vormánuðum 2019.

Vináttuverkefnið Blær, sem unnið hefur verið með síðustu ár og miðar að því að skapa jákvætt umhverfi og styrkja samskipti milli barna, er að mati Foreldraráðs gott innlegg í að þroska börnin í þeim samskiptareglum sem ríkja í samfélaginu. Áframhaldandi vinna með þessi jákvæðu gildi er vel til þess fallin að styrkja börnin okkar enn frekar og sýna fram á mikilvægi þess að sýna öðrum tillitssemi og samhygð.

Jákvætt framtak var sýnt í auknu upplýsingaflæði til kennara og skilgreindum sameiginlegum markmiðum í þeirra hóp um hvernig þeir vilji sjá starfið þróast. Með því vinna gegn óþarflega mikilli starfsmannaveltu sem og auka ánægju kennara í starfi. Starfsmannavelta eykur hættu á sameiginleg gildi, markmið og þekking verði hópnum óskýr og því mikilvægt að reyna finna þessum hugmyndum sameiginlegan farveg þar sem allir hafa jafnan aðgang að upplýsingum. Upplýsingafæði styður við þá hugsun að starfsfólk viti hvað er á döfinni og getur því betur vitað hver markmið eru og ákjósanlega niðurstaða skilgreindra verkefna.

Foreldraráð leggur áherslu á að starfsfólk Garðaborgar, sem og annarra leikskóla, fái áfram tækifæri til endurmenntunar og verði hvatt til að sækja sér fjölbreytta fræðslu. Endurmenntun og fræðsla af ýmsum toga kveikir nýjar og ferskar hugmyndir um nálgun í þroskastarfi og viðheldur/styður við faglegan metnað starfsmanna. Því miður hefur tímaskortur og skortur á starfsfólki orðið til þess að samráðsfundir, deildarfundir og fleira hefur fallið niður og telur Foreldraráð brýnt að leitast við að styðja við að þessum hluta starfs kennara sé sinnt. Eins og fram kom í starfsáætluninni hefur ekki gengið



sem skyldi að hafa skipulagða deildarfundum eins og lagt var upp með í starfsáætlun síðasta árs. Við þessu er nú leitast við að bregðast og er það jákvætt enda mikilvægur hluti af skipulagningu kennslunnar.

Læsisstefna er skýr og hefur verið ágætlega fylgt eftir og brýnt að gera það sem þarf til að tryggja að henni verði áfram framfylgt og er það að hluta til hlutverk yfirvalda að tryggja leikskólanum menntaða starfsmenn til þess verkefnis. Foreldraráð styður markmiðasetningu Garðaborgar sem sett er fram í starfsáætluninni og snýr að því að styrkja læsi, sér í lagi á Austurdeild þar sem yngri börnin eru. Viðkvæmt málþroska- og máltökuskeið er í fullum gangi hjá þeim aldurshóp og sérlega mikilvægt að styðja við læsi og málskilning barna á þessu aldurs skeiði. Ennfremur er ánægjulegt að sjá skýra markmiðasetningu er varðar tvítyngdu börnin á Garðaborg og hvernig styðja má við að börnin haldi í sitt móðurmál á sama tíma og þau fá aukalegan stuðning við að auka færni í íslensku.

Hluti starfsdaga leikskóla og skóla innan hverfis hafa verið sameiginlegir síðustu ár sem er mjög mikilvægt fyrir fjölskyldur enda eykur það líkur á að foreldrar geti tekið frí með börnum sínum. Foreldraráð telur að ganga mætti lengra í að samræma starfsdaga innan hverfa enda eru frídagar í skólum og leikskólum langt umfram það sem almennt launafólk hefur kost á og mikilvægt að gera það sem hægt er til að auka samvistir foreldra og barna.

Aðstöðu á leikskólanum er enn ábótavant, bæði hvað varðar aðstöðu fyrir kennara og börn innandyrna og utandyra. Starfsárið 2017-2018 hvatti foreldrafélag Garðaborgar Reykjavíkurborg til að bæta úr ástandinu. Það sem hefur gerst í málinu nú 2 árum síðar er að brugðist var við því allra nauðsynlegasta; það er að segja brugðist var við sigi á lóð sem olli slyshættu vegna vatnssöfnunar og kom í veg fyrir æskilega útiveru barnanna þegar mikið vatn hafði safnast á lóðinni. Ennfremur voru settar mottur til að reyna að festa gras á nokkrum stöðum. Þessar breytingar eru þó langt frá því að vera viðunandi og skorar Foreldraráð á Reykjavíkurborg að bæta úr ástandi lóðar Garðaborgar sem fyrst.

Ekkert hefur gerst í aðstöðu innandyrna hvað bættan aðbúnað varðar, enn er gólfkulti í húsinu verulegur sem er hvorki börnum eða starfsmönnum boðlegur sem og móða á gluggum á suðurhlið. Þekkt er plássleysi á leikskólum í Reykjavík sem veldur í mörgum tilvikum óþarfa álagi á börn og kennara, sér í lagi þegar líður á daginn. Starfsáætlun Garðaborgar fyrir næsta starfsár miðar að því að reyna að takast á við þetta plássleysi og hávaðaáreiti með því að leggja áherslu á rólegra andrúmsloft seinni hluta dags. Það er gott og vel en ljóst er að Reykjavíkurborg þarf að marka sér og halda sig við skýrari stefnu um þann aðbúnað sem borgin vill bjóða börnunum okkar, yngstu borgurum Reykjavíkur. Foreldraráð



hvetur foreldra og kennara til að halda áfram að beita þrýstingi á borgaryfirvöld í þeirri von að eitthvað fari að gerast í málinu og á það við bæði um skammtímaaðgerðir sem og mörkun langtímastefnu í aðbúnaðarmálum.



F. h. leikskólans Garðaborg

Gunnur Árnadóttir 28.05.2019

Leikskólastjóri Dagsetning





